

Ágæti sjóðfélagi

Með bréfi þessu viljum við kynna þér starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á síðasta ári. Eignir sjóðsins námu 310 milljörðum í árslok 2010 samanborið við 283 milljarða árið áður. Starfsemi og rekstur sjóðsins á árinu 2010 var að flestu leyti hagfelldari í samanburði við árið á undan. Hrein raunávöxtun á liðnu ári var 3,4% og skiluðu allir eignaflokkar jákvæðri ávöxtun.

Starfsemi 2010

Afkoman á árinu 2010 var 6,2% sem samsvarar 3,5% raunávöxtun. Ávöxtun, þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 6,1% sem samsvarar 3,4% raunávöxtun.

Eignasafn sjóðsins í lok árs 2010 skiptist þannig að um 30% af eignum eru í dreifðu safni erlendra verðbréfa, 28% í innlendum ríkistryggðum skuldabréfum, 12% í safni sjóðfélagalána, önnur skuldabréf eru samtals 13% af eignum og 13% í bankainnstæðum. Innlend hlutabréfaeign jókst nokkuð á árinu og nemur nú um 4% af eignum sjóðsins.

Fjárfestingar námu 62,1 milljarði. Þar af námu fjárfestingar í skuldabréfum 44,7 milljörðum, í innlendum hlutabréfum 6,5 milljörðum og í erlendum verðbréfum 10,9 milljörðum. Sala innlendra skuldabréfa nam 9,8 milljörðum og erlendra verðbréfa 22,1 milljarði.

Lánveitingar til sjóðfélaga námu 1.035 milljónum samanborið við 2.084 milljónir árið 2009.

Greiðandi sjóðfélagar voru 47.196. Þar af voru 32.435 virkir sjóðfélagar en það eru þeir sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði.

Iðgjaldagreiðslur til sameignardeildar námu 15,4 milljörðum. Samtals greiddu 7.243 fyrirtæki iðgjöld vegna starfsmanna sinna.

Lífeyrisgreiðslur á árinu 2010 námu 6,4 milljörðum. Alls nutu 10.024 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna úr sameignardeild. Lífeyrisþegum fjölgaði um 7,2% á árinu og lífeyrisgreiðslur hækkuðu um 7,8%. Útgreiddur lífeyrir skiptist með eftirfarandi hætti: Ævilangur lífeyrir 64,9%, örorkulífeyrir 25,2%, makalífeyrir 8,3% og barnalífeyrir 1,6%.

Séreign: Iðgjöld námu 532 milljónum á árinu 2010 og útgreiðslur 461 milljón. Meðtalið í útgreiðslum eru greiðslur vegna tímabundinnar heimildar til úttektar á séreignarsparnaði að fjárhæð 337 milljónir til 717 einstaklinga.

Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður: Samkvæmt reglum um gerð ársreikninga lífeyrissjóða sem Fjármálaeftirlitið setur er kostnaði við rekstur sjóðsins skipt upp í fjárfestingargjöld annars vegar og rekstrarkostnað hins vegar. Fjárfestingargjöld námu 237 milljónum á liðnu ári. Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum nam 199 milljónum. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður námu því samanlagt 436 milljónum sem samsvarar 0,15% af eignum.

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg úttekt lífeyrissjóða er gerð árlega til að gæta þess að ákveðið jafnvægi sé á milli eigna og réttinda sjóðfélaga. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er betri í árslok 2010 en árið áður og er hún nú -3,4%. Vegna jákvæðrar raunávöxtunar og annarra þátta í rekstri sjóðsins er ekki tilefni til að endurskoða lífeyrisréttindi.

AUKIN HEIMILD TIL ÚTTEKTAR Á SÉREIGNARSPARNAÐI

Með lögum sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2010 var heimild til sérstakrar úttektar séreignarsparnaðar aukin úr 2,5 milljónum í 5 milljónir. Úttektartímabilið er allt að 12 mánuðir. **Sækja þarf um úttekt samkvæmt heimild þessari fyrir 1. apríl 2011.**

Heimilt er að greiða út til sjóðfélaga allt að 5 milljónir á 12 mánuðum eða 416.667 kr. á mánuði fyrir skatt. Útgreiðslutíminn styttist hlutfallslega ef um lægri fjárhæð en 5 milljónir er að ræða.

VILTU VERA UPPLÝSTUR SJÓÐFÉLAGI

Á vef sjóðsins er hægt að fræðast um réttindi sjóðfélaga LV, finna upplýsingar, fréttir og fróðleik á auðveldan hátt. Sjóðfélögum býðst að skrá sig á póstlista LV. Þeir sem skrá sig á póstlista sjóðsins fá nýjustu fréttir og fræðsluefni sent í tölvupósti.

Á sjóðfélagvef LV hafa sjóðfélagar beinan aðgang að upplýsingum um lífeyrisréttindi sín, séreignarsparnað, greidd iðgjöld og stöðu lána.

*Með kveðju,
Guðmundur P. Þórhallsson,
framkvæmdastjóri*